

Hugmynd

að viðbót við 1. gr. frumvarps um breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, getur falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því þau koma til aðalmeðferðar.

Rökstuðningur:

Samkvæmt 6. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði er það ekki afmarkað hvert sé hlutverk og verksvið dómarafulltrúa. Í greininni segir að dómsmálaráðherra geti löggilt fulltrúa við héraðsdómstóla til að framkvæma dómsathafnir sem dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, fela honum. Í frumvarpi til framangreindra laga kom fram í athugasemdum með þessari grein það viðhorf að fulltrúum hafi verið ætluð takmörkuð dómaraastörf, fulltrúar væru í nokkurskonar þjálfunarstarfi. Þróunin hefur verið í gagnstæða átt og hefur sú þróun sætt gagnrýni lögmannna og dómara, nú síðast í Hæstaréttardómi frá 18. maí sl. Með aðskilnaðarlögum var það ekki ætlunin að búa til tvær tegundir af dómurum með mismunandi starfsheiti og laun, en sömu viðfangsefni. Mismunandi heiti áttu að spegla mismunandi verksvið. Hinn eiginlegi kjarni í starfi dómara er að dæma í munnlega fluttum einkamálum og alvarlegri sakamálum. Í samræmi við þessi sjónarmið eru gerðar tillögur um að heimildir fulltrúa til að framkvæma dómsathafnir verði takmarkaðar. Slík takmörkun á að tryggja að reyndir héraðsdómarar fari með erfiðustu málin og að svo sé gert á jafnframt að minnka líkur á því að úrlausnum sé skotið til Hæstaréttar.

Efnilegt innihald framangreindarar breytingartillögu er að forstöðumaður héraðsdómstóls geti falið fulltrúum að sinna hvers konar dómaraastörfum, öðrum en að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem haldið er uppi vörnum eða opinberum málum frá því þau koma til aðalmeðferðar. Samkvæmt þessu ákvæði munu fulltrúar áfram geta sinnt útivistarmálum, stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum og kveðið upp réttarfarsúrskurði, afgreitt aðfararbeiðni, farið að mestu með gjaldþrotamál og opinber skipti á dánarbúum, kveðið upp úrskurði um gjaldþrotaskipti og í skriflega fluttum einkamálum, enda sé ekki haldið uppi vörnum, og rannsóknarúrskurði. Þá munu þeir geta sinnt meðferð ákærumála nema lögbundið sé að þau sæti aðalmeðferð eða frá þeim tíma að þau koma til aðalmeðferðar. Takmörkun á dómsvaldi fulltrúa felur í sér að þeim verður óheimilt að dæma í almennum einkamálum að efni til þar sem vörnum er haldið uppi og að fara með og leysa úr ágreiningsmálum vegna aðfarar, nauðungarsölu, dánarbússkipta, gjaldþrotaskipta og þinglýsinga en slík mál koma ekki til dómstóla eðli máls samkvæmt nema vegna ágreinings þar sem haldið er uppi vörnum. Í málum þar sem dómsvald fulltrúa verður takmarkað er ekkert því til fyrirstöðu að þeir starfi sem aðstoðarmenn héraðsdómara. Samkvæmt þessu ákvæði verður það ekki útilokað að fulltrúar kveði upp úrskurði um gæsluvarðhald. Það verið gagnrýnt að fulltrúar sinni slíkum dómsathöfnum. Þótt fallast megi á að slíkt sé óæskilegt er ekki talið unnt vegna aðstæðna utan Reykjavíkur að takmarka heimildir fulltrúa til að kveða upp slíka úrskurði.